

L Ö G

91

15. des.

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1953 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

| | | |
|----------------|------------|--------------------------------------|
| Tollskrárkafli | 9 nr. 1—2, | kaffi, óbrennt, eða brennt og malað. |
| — | 10 — 1—7, | korn, ómalað. |
| — | 11 — 1—12, | mjöl og grjón. |
| — | 17 — 1—6, | sykur. |
| — | 22 — 6—38, | drykkjarvörur og ýmislegir vökvar. |
| — | 24 — 1—9, | tóbak. |
| — | 25 — 10, | salt. |
| — | 27 — 1—4, | kol. |
| — | — — 14, | steinolía. |

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1953 skal heimilt:

- Að fella niður aðflutningsgjöld af:
 - Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
 - Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
 - Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.